

**Listasafn Einars Jónssonar**  
**16 206**

**Ársreikningur 2022**

## **Efnisyfirlit**

**Bls.**

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Listasafn Einars Jónssonar**

**kt. 440269-7969**

**Hallgrímstorg 3, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Listasafn Einars Jónssonar er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs.

Listasafn Einars Jónssonar (LEJ) er listasafn frumkvöðuls í íslenskri myndlist og það fyrsta á landsvísu sem opnað var almenningi í eigin húsnæði árið 1923. Safnið er staðsett í alfríðuðu húsi á Skólavörðuholti sem kallast Hnitbjörg. Safneignin samanstendur af rúmlega 350 listaverkum Einars Jónssonar (1874 –1954) auk fjölda muna er snerta feril og persónulegar eigur hans og Önnu Marie Mathilde Jörgensen eiginkonu hans. Safnið hýsir vinnustofur myndhögvarans frá fyrri tið ásamt fyrstu þakibúð Reykjavíkur sem áður var hluti af heimili Einars og Önnu og er nú varðveisst sem slík. Í friðsælum höggmyndagarði á bakvið safnhúsið eru 26 bronsafsteypur af verkum Einars. Garðurinn er opinn og aðgengilegur öllum og er því hluti af gæðum safnsins. Listaverk Einars má einnig finna á almannafærri víða um land sem og erlendis.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Stofnunin var á árinu flutt á nýjan fjárlagalið 16-206 en var árið áður á fjárlagalið 02-906.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 72,5 milljónir og afkoma kr. 3,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -0,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 11,9 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Listasafns Einars Jónssonar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Listasafns Einars Jónssonar fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Alma Dís Kristinsdóttir,  
safnstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	56.500.000	50.100.000
Seld þjónusta .....	3	4.769.000	3.540.414
Vörusala .....		881.113	596.771
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	10.054.681	8.752.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	261.505	258.263
<b>Tekjur samtals</b>		<b>72.466.299</b>	<b>63.247.448</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	31.960.932	35.574.152
Annar rekstrarkostnaður .....	6	36.629.726	34.050.938
Afskriftir .....	7	261.505	258.263
<b>Gjöld samtals</b>		<b>68.852.163</b>	<b>69.883.353</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>3.614.136</b>	<b>(6.635.905)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(8)	(1.335)
		(8)	(1.335)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>3.614.128</b>	<b>(6.637.240)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		893.026	1.154.531
		<hr/>	<hr/>
		893.026	1.154.531
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....		3.346.329	3.392.667
Viðskiptakrōfur .....		0	118.240
Tengdir aðilar .....	9	0	75.000
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		12.000	0
Handbært fé .....	10	7.618.314	5.932.216
		<hr/>	<hr/>
		10.976.643	9.518.123
		<hr/>	<hr/>
		11.869.669	10.672.654
		<hr/>	<hr/>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	11		
Hrein eign .....		(756.890)	(4.371.018)
		<hr/>	<hr/>
		(756.890)	(4.371.018)
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	1.636.308	10.571.083
Viðskiptaskuldir .....		6.928.732	1.051.785
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	3.132.905	2.630.685
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	928.614	790.119
		<hr/>	<hr/>
		12.626.559	15.043.672
		<hr/>	<hr/>
		11.869.669	10.672.654
		<hr/>	<hr/>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		3.614.128	(6.637.240)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	261.505	258.263
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(261.505)	(258.263)
		3.614.128	(6.637.240)
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakrófur - aðrar skammtímakrófur .....		106.240	79.915
Tengdir aðilar .....		(8.459.775)	5.857.186
Birgðir .....		46.338	160.873
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		6.379.167	911.130
		(1.928.030)	7.009.104
		1.686.098	371.864
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	0	(261.163)
		0	(261.163)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarfmlag .....		0	261.163
		0	261.163
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		1.686.098	371.864
		5.932.216	5.560.352
		7.618.314	5.932.216

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilalaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstremi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilalaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækins endurgjalds.

Tekjur af sölu vörur eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veitrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....

3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

## **Skýringar**

### **Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, frh.**

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### **Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### **Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsrekning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### **Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremvis vegna greiðslu þeirra.

### **Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### **Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### **Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2022	2021		
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>				
Fjárveiting ársins .....	56.500.000	50.100.000		
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	261.505	258.263		
	<b>56.761.505</b>	<b>50.358.263</b>		
<b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:</b>				
	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádegnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	56.500.000	0	0	56.500.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>56.500.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>56.500.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádegnum sértekjum ....	(52.885.872)	0	0	(52.885.872)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>3.614.128</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>3.614.128</b>
	2022	2021		
<b>3 Seld þjónusta</b>				
Ýmsar þjónustutekjur .....	4.681.000	3.540.414		
Fræðslustarfsemi og fundir .....	88.000	0		
	<b>4.769.000</b>	<b>3.540.414</b>		
<b>4 Framlög og ýmsar tekjur</b>				
Leigutekjur .....	277.000	252.000		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	9.380.000	8.500.000		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	306.398	0		
Ýmsar tekjur .....	91.283	0		
	<b>10.054.681</b>	<b>8.752.000</b>		
<b>5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>				
Laun .....	25.727.139	28.801.953		
Orlof, breyting .....	258.786	234.619		
Launatengd gjöld .....	5.716.303	6.349.390		
Starfsmannakostnaður .....	258.704	188.190		
	<b>31.960.932</b>	<b>35.574.152</b>		
Meðalfjöldi stöðugilda .....	2,2	3,1		
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>				
Bækur, ritföng, filmur o.fl. .....	213.224	216.038		
Byggingarvörur, almennar .....	0	5.780		
Ýmis tæki og áhöld .....	32.354	99.470		
Orkugjafar .....	1.642.653	1.692.777		
Matvæli .....	380.211	293.594		
Almennar rekstrarvörur .....	144.314	200.902		
Vörukaup, almenn	2.412.756	2.508.561		
Ýmsar sérgreindar vörur .....	0	27.379		
Vörukaup, sérgreind	0	27.379		

## Skýringar

	2022	2021
<b>6 Annar rekstrarkostnaður, frh.</b>		
Fundir, námskeið, risna .....	137.925	84.950
Ferðir, uppihald .....	1.476.807	54.000
Akstur .....	122.269	116.914
Sérfræðiþjónusta .....	7.396.342	3.670.872
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	62.232	34.320
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	662.670	612.303
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	1.122.729	87.614
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>10.980.974</u>	<u>4.660.973</u>
Afnotagjöld .....	1.349.553	1.535.005
Leigugjöld .....	19.451.065	18.591.906
Notkun véla og flutningatækja .....	392.691	572.195
Verkkaup .....	1.801.697	5.832.587
Opinber gjöld .....	<u>8.181</u>	<u>1.000</u>
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>23.003.187</u>	<u>26.532.693</u>
Vörukaup .....	186.471	160.459
Birgðabreytingar, fullunnar vörur .....	<u>46.338</u>	<u>160.873</u>
Vörur til endursölu og birgðabreyting	<u>232.809</u>	<u>321.332</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>36.629.726</u>	<u>34.050.938</u>
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	261.505	258.263
	<u>261.505</u>	<u>258.263</u>
	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	893.026	1.154.531
	<u>893.026</u>	<u>1.154.531</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:		
Áhöld, tæki og búnaður		
Staða 01.01.2022 .....	2.423.215	
Viðbætur á árinu .....	0	
	<u>2.423.215</u>	
Afskriftir 01.01.2022 .....	1.268.684	
Afskrift ársins .....	<u>261.505</u>	
	<u>1.530.189</u>	
Staða 31.12.2022 .....	<u>893.026</u>	

## Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	0	75.000
	0	75.000

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	1.621.686	10.459.363
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	14.622	111.720
	1.636.308	10.571.083

### 10 Handbært fé

Sjóðir .....	46.750	31.150
Tékkareikningar .....	2.864.656	1.539.194
Sparisjóðsreikningar .....	4.706.908	4.361.872
	7.618.314	5.932.216

### 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

**Hrein eign**

Jöfnuður 1.1. .....	(4.371.018)	2.266.222
Afkoma ársins .....	3.614.128	(6.637.240)
Jöfnuður 31.12. .....	(756.890)	(4.371.018)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2022 31.12.2021

### 12 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	2.855.920	2.597.134
Önnur ógreidd gjöld .....	273.102	0
Skattar .....	3.883	33.551
	3.132.905	2.630.685

## Skýringar

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	893.026	1.154.531
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ....	35.588	(364.412)
	<hr/>	<hr/>
	928.614	790.119
	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting
Staða 01.01.2022 .....	1.154.531	(364.412)
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	<hr/> (261.505)	<hr/> 0
	893.026	35.588
	<hr/>	<hr/>
	928.614	790.119

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 0,2 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

### 14 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samninga um húsnæði, ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga og einnig aðra samninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 22 milljónum, vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 1 milljón og vegna annara samninga kr. 0,6 milljónir.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjalffærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.